

Við undirritaðir, sem höfum rekið verzlun föður okkar sáluga, kaupmanns Snorra Jónssonar, áfram frá því hann dó, höfum nú selt verzlunina á Siglufirði herra Sophusi A. Blöndal með skuldum og eignum, og ber því öllum er skulda verzluninni að semja við hann. Við rekum áfram sjávarútveg á Siglufirði og kaupum fisk og síld. Öllum viðskiptamönnum verzlunarinnar þökkum við viðskiftin, sem við vonum að haldist áfram þrátt fyrir eiganda skifti.

Akureyri 21. marz 1918.

Rögnvaldur Snorrason.
Gunnar Snorrason.

Í sambandi við ofanritaða yfirlýsingu um eigendaskifti verzlunar Snorra Jónssonar Siglufirði, vil eg geta þess að eg framvegis rek verzlunina undir mínu nafni.

Vona eg að þið, heiðruðu viðskiftavinir verzlunarinnar sýnið mér hið sama traust og þér hafið sýnt henni undanfarið, og mun eg gera mér alt far um að bregðast ekki því trausti.

Siglufirði 21. marz 1918.

Virðingarfylst.

Sophus A. Blöndal.

Erlendar símfrettir.

Khöfn 6. marz.

Sænsk íhaldsblöð segja að svæsnustu jafnaðarmenn hafi tekið höndum saman við Maximalista í Finnlandi til að koma í kring stjórnarbyltingu í Svíþjóð. Þýska stjórnin mótmælir kyrsetningu þýskrar skipshafnar er strandaði á Jótlandsskaga. Svíar hafa gefið út blábók um Álandseyjar.

Khöfn 7. marz.

Rúmenar og Miðríkin hafa gert bráðabirgðar friðarsamning í Buŕfea. Viðskiptasamningur Rússa og Þjóðverja frá 1904 hefir verið endurnýjaður, til stærstu hlunninda fyrir Þjóðverja: frjáls verzlun við Persu og Afganistan um Rússland. Rússar mega ekki hækka innflutningsgjald á þýskum vörum fyrir 1925. Redmond írski látinn. Rúmenar og Miðveldin hafa gert friðarsamning. Rúmenar uppleysa 8 herdeildir er barist hafa gegn Mackensen, láta Dobrudsza af hendi, Konstansa verði opin hafnarborg fyrir útlendinga. Herföngjar Rúmenahers sendir heim. Þjóðverjar hafa sett her á land í Äbö í Álandseyjum. Síðustu fregnir herma að herför Japana til Síberíu sé frestað óákveðið. Bandamenn vilja fá nákvæm svör um fyrirætlanir Japana, áður en þeir gefa samþykki sitt til herfarar þangað.

Khöfn 8. marz.

Finnar og Þjóðverjar hafa undirskrifað friðarsamninga og eru sérstakir samningar um Álandseyjar. Frakkar búast við að ófriður hefjist aftur milli Rússa og Þjóðverja. Búist er við að Argentína gangi í lið með Bandamönnum. Þjóðverjar og Svíar hafa í sameiningu sest að í Álandseyjum. Íbúar Petrograd flytja borgina og stjórnin til Moskva.

Khöfn 9. marz.

Þjóðverjar flytja her á isum frá Álandseyjum til Finnlands. Sænsk blöð segja að Finnar hafi selt sig Þjóðverjum.

Khöfn 10. marz.

Þjóðverjar hafa látið flytja ógrynni af kornvöru til Valhynin og geyma þar.

Khöfn 11. marz

Finnar hafa gert viðskiftasamning við Þjóðverja. Kínverjar heitast við stjórn Maximalista. 60 þýskar flugvélar gerðu árás á París í gær. Siglingarbannið milli Hollands og Norðurlanda upphafið.

Khöfn 15. marz.

Bretar hafa sett Hollandi úrslitakosti um aðflutninga. Skulu Hollendingar leggja bandamönnum til flutningaskip, er beri samtals 500 þús. smálestir. Þýsku blöðin fara ógnandi orðum um þessa kröfu.

Óeyrðir í Álandseyjum.

Trotsky orðinn hermálaráðherra Rússa, og hefir yfirhershöfðingjavöld. Þjóðfundur í Moskva, er ræðir friðarsamninga við Þjóðverja.

Khöfn 16. marz.

Hollendingar búast við að svara kröfu bandamanna um skipastól innan mánuðags. Þjóðverjar telja hlutleysisbrot, verði Hollendingar við kröfunni.

Reuters fréttastofa símar, að 3000 fulltrúar sitji þjóðfundinn í Moskva.

Austurríki hefir leyst upp landvarnarhersveitir (Landsturm) sínar.

Þjóðverjar hafa viðurkennt Kúrland sjálfstætt. Þan Þjóðverjar krefjast þess, að öll Eystrasaltslönd Rússa verði lögd undir Þýskaland.

Khöfn 17. marz.

Hollendingar reyna frekari samningaumleitanir við Bandamenn.

Hollenskum skipum neitað um kol í Ameríku. Búist við að Bandamenn taki skipin í sína þjónustu með valdi.

Þjóðverjar hafa skipað ráðanaut við hlið rússnesku stjórnarinnar, sem hefir neitunarvald í öllum málum.

Khöfn 18. marz.

Bráðabirgðarstjórn kosin í Álandseyjum. Alþjóðfundur Rauða krossfélagsins verður haldinn í Genf 30. apríl.

Floti Rússa í Odessa, komst undan til Sebastopol, áður en Þjóðverjar tóku borgina.

Khöfn 19. marz.

Vegna þess að Þjóðverjar geta ekki látið Hollendinga fá þær matvörur er þeir þarfnast, hafa þeir gengið að kröfum Bandamanna og afhent þeim skip sín. Þau meiga ekki vopnast, og ekki notast til hergagnaflutninga. Þólverjar og Þjóðverjar loks sammála.

Khöfn 20. marz.

Hollensk blöð óánægð með aðgerðir stjórnarinnar í skipamálinu.

Fult skipulag aftur komið á ítalska herinn. Nýir siglingasamningar í aðségi, milli Svía og Bandamanna.

Þjóðverjar hafa gert upptækar 100 þúsund smálestir af vörum, er Bandamenn áttu í Odessa, eru vörur þær taldar 8 miljarða viði. Bretar hafa mist einn fimtánda hluta skipastóls síns.

Eftir skeytum til Rvík.

jarmenn ódýrara efni til bygginga heldur en nú gjörast, þar sem kaupa þarf menn fyrir há daglaun til að safna saman grjóti hér og þar. Á þessu ætti bæði bærinn sem seljandi, og byggjendur sem kaupendur að græða, jafnframt því sem ný atvinna myndast fyrir fólk. Afl til þessarar starfrækslu má gera ráð fyrir að fengist frá hinni fyrirhuguðu rafmagnsstöð.

Eg hefi nú gert grein fyrir álitinu á ýmsum framtíðarmálum Siglufjarðar. Má vel vera að allir séu þar ekki á sama máli og eg, en um eitt hygg eg að allir séu sammála, og það er, að þegar aldarafmæli Siglufjarðar 20. maí 1918 er liðið hjá, þá byrjar stórt starf með hinni nýju öld, sem bæði mun leggja Siglufjarðingum þungar byrðar á herðar, og jafnframt veita þeim marga ánægju stund. En allir, bæði við, sem nú byrjum starfið, og eins þeir sem á eftir okkur koma, verða að halda sér fast við einkunnarorðin: gjörðu skyldu þína, og krefstu réttar þíns. Sú hugmynd vakti fyrir mönnum hér, þegar þeir fyrst óskuðu eftir bæjarréttindum fyrir Siglufjörð, og sannarlega var það þá og er enn sameiginlegur vilji allra manna hér, að það mál nái fram að ganga. Með hvaða rétti þessi ósk eða krafna er framsett, ætla eg ekki að skrifa um hér, legg það einungis undir dóm allra réttthugsandi manna, hvort

sem þeir eiga heima í Siglufirði eða annarstaðar.

Vegna mótstöðu og áhrifa vissra manna, er ekki útlit fyrir að við getum fagnað bæjarréttindunum á aldarafmælinu 20. maí, sem þó hefði gert daginn enn hátíðlegri, en við verðum að hugga okkur við það, að lengi megnar enginn að bæla niður réttláta sanngjarna og eðlilega framför og þroskun, jafnvel svo lítils bygðarlags sem Siglufjörður er.

Látum okkur heilsa hinni nýju öld Siglufjarðar glöð og brosandí. Fyr eða síðar kemur sigurinn. Þá birtir yfir öllu, moldreykurinn hverfur sem um hrið hefir breytt sig yfir loftið frá hásuðri, og himininn verður heiður og bjartur. Munum einungis eftir því, að standa sem einn maður í baráttunni, þá mun alt vel fara. Hugsjónin sé jafnan fyrir hverjum manni hin sama: gjörðu skyldu þína, og krefstu réttar þíns.

Um leið og eg þakka »Fram« fyrir upptöku þessarar greinar, undirskrifa eg hana, í fullu og alvarlegu trausti á glæsilega framtíð Siglufjarðar, sem Siglufjarðingur.

Lagarfoss

kom hingað í fyrradag, hafði hann meðferðis nokkuð af vörum til kaupmanna, og svo, 100 sekki af Haffram til hreppsins. Ennfremur talsvert af steinolíu til Fiski-veiðafélagsins og annara. Hann fór héd í morgun.